

## Fundargerð 29. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018

Fundur haldinn í A-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 3. janúar 2018. Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Eiríkur Mörk og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ. Forföll boðuðu: Gunnar Svavarsson og Lóa Björk Hallsdóttir

Formaður setti fund klukkan 16:10 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð, fundarboðun og rafrænar samþykktir

Fjallað um boðun fundar og dagskrá. Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 28. fundar staðfest milli funda og birt í kjölfarið á vef FRÍ.

### 2. Fjárhagsáætlun, erlend mótáþátttaka 2018

Haldið áfram yfirferð yfir drög að fjárhagsáætlun 2018 er snýr að erlendri mótáþátttöku. Kostnaður svipaður og árið 2017. Starfsmannamál voru rædd og skipulag verkefna á skrifstofu. Rætt sérstaklega varðandi fagteymi bæði er snýr að vinnu með afreksfólkinu en einnig í tengslum við ferðir á vegum FRÍ. Kostnaðarþátttaka félaga og íþróttamanna byggir áfram á ákvörðun frá vori 2017 eða 45.000 kr.

### 3. Verkaskipting stjórnar

Skipt á embættum innan stjórnar skv. samtölum milli funda. Gunnar Svavarsson tekur við ritarastörfum stjórnar og Lóa Björk Hallsdóttir verður meðstjórnandi.

### 4. Þjónustugjöld FRÍ

Ræddir fletir á breyttu fyrirkomulagi sem stjórn vinnur áfram. Startgjöld á keppendum sérstaklega rætt, hvort heldur er fyrir frjálsíþróttamót á velli eða almenningshlaup.

### 5. Önnur mál

Fundur með unglínganefnd er á dagskrá í næstu viku.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:30. Ritun fundargerðar: Fríða Rún Þórðardóttir